

Reykjavíkurborg
annars vegar
og
Stéttarfélag verkfræðinga
hins vegar

gera með sér svofellt

samkomulag

um breytingu og framlengingu á kjarasamningi aðila

1. grein

Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. maí 2011 til og með 31. mars 2014 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. grein

Laun

Mánaðarlaun starfsmanns sem gegnir fullu starfi, skulu greidd skv. meðfylgjandi launatöflum í fylgiskjali I sem taka eftirfarandi breytingum á samningstímanum:

1. júní 2011 kr. 12.000,- þó að lágmarki 4,6%
1.mars 2012 kr. 11.000,- þó að lágmarki 3,5%
1.mars 2013 kr. 11.000,- þó að lágmarki 3,5%

Við samþykkt kjarasamningsins greiðist sérstök eingreiðsla kr. 50.000, hverjum starfsmanni í fullu starfi sem er við störf í maí og miðast greiðslan við fullt starf í mánuðum mars-maí. Starfsmenn sem hófu störf á tímabilinu 1. mars til 31. maí fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfshlutfall og starfstíma. Sama gildir um þá sem létu af störfum á tímabilinu. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Greiðsla þessi skal innt af hendi eigi síðar en 1. júlí 2011.

Starfsmenn sem eru við störf þann 1. febrúar 2012 fá greidda sérstaka eingreiðslu, kr. 25.000,- miðað við fullt starf. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall 1. febrúar 2012.

3. grein

Desemberuppbót

Persónuuppbót á samningstímanum er eftirfarandi:

Á árinu 2011 kr. 54.000

Á árinu 2012 kr. 56.000

Á árinu 2013 kr. 58.000

4. grein

Orlofsuppbót

Orlofsuppbót á samningstímanum er eftirfarandi:

Á árinu 2011 kr. 26.900

Á árinu 2012 kr. 27.800

Á árinu 2013 kr. 28.700

5. grein

Markmið samningsaðila

Grein 0.1.5 breytist og verður eftirfarandi:

0.1.5 Samningsaðilar eru sammála um að rýna og endurskoða matskerfi til að meta hæfni starfsmanna í því skyni að þróa og eftir atvikum útvíkka grundvöll hæfnislauna. Sjá nánar í bókun 2 með kjarasamningi.

6. grein

Skýringartexti við grein 1.3.2.4

Aftan við grein 1.3.2.4 bætist nýr skýringartexti:

Skýring: Grein 1.3.2.4 á við um menntun sem starfsmaður hefur umfram þær menntunarkröfur sem gerðar eru í starfi. Ef gerð er krafa um meistarapróf í starf þá er sú menntun metin í starfsmati og kemur fram í launasetningu starfsins. Þá eru ekki greiddir launaflokkar vegna menntunarinnar skv. gr. 1.3.2.4

7. grein

Greiðsla fæðisfjár og vinna utan borgarmarka

Grein 3.4.4 breytist og verður eftirfarandi:

Starfsmenn, sem ekki njóta mataraðstöðu samkv. gr. 3.4.2 skulu fá það bætt með kr. 524,32 fyrir hvern vinnuskyldudag miðað við vísitölu matar- og drykkjarvöruliðar neysluvísitölu í mars 2011. Greiðsla þessi skal uppfærð ársfjórðungslega í samræmi við matar- og drykkjarvörulið vísitölu neysluverðs. Vísitala marsmánaðar 2011 187,7 er grunnvísitala. Eftirfarandi skilyrði skulu vera uppfyllt:

Vinnuskylda starfsmanns svarar amk. 50% starfshlutfalli.

Starfsmaður hafi vinnuskyldu á föstum vinnustað frá kl. 11:00-14:00 að frádregnu matarhléi eða eftir atvikum kl. 18:00-20:30.

Matarhlé er 1/2 klst.

Grein 3.5.1 breytist og verður eftirfarandi:

Starfsmaður sem innir starf sitt af hendi utan borgarmarka og nýtur ekki mataraðstöðu á föstum vinnustað skv. gr. 3.4 skal séð fyrir mat á kostnað vinnuveitanda skv. gr. 5.1.1

8. grein

Afnot einkabifreiðar starfsmanns

Grein 5.5.1 breytist og verður eftirfarandi með meðfylgjandi skýringartexta:

Verði að samkomulagi að Reykjavíkurborg hafi afnot af einkabifreið starfsmanns, skulu afnotin greidd með akstursgjaldi skv. akstursdagbók eða aksturssamningi.

Skýringartexti:

Aksturgjald fylgir ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins sbr. reglur borgarráðs um aksturssamninga starfsmanna Reykjavíkurborgar.

9. grein

Tryggingar

Kafli 8 breytist og hljóðar svo með uppreiknuðum upphæðum í samræmi við vísitölu:

8. kafli Tryggingar

- 8.1 Starfsmenn skulu slysatryggðir allan sólarhringinn fyrir dauða eða vegna varanlegrar örorku. Um trygginguna gilda mismunandi bótafjárhæðir og tryggingaskilmálar eftir því hvort starfsmaður verður fyrir slysi í starfi eða utan starfs, sbr. Samkomulag milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Launaneðndar sveitarfélaga annars vegar og Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasambands Íslands f.h. aðildarfélaga sinna frá 22. desember 2004 og viðbótarsamkomulag sömu aðila frá 20. október

2005. Um skilmála trygginga þessara gilda sérstakar reglur nr. sl. 1/90 og nr. sl.-2/90 samþykktar af borgarráði þann 5. júní 1990.

8.1.1 Dánarslysabætur eru:

1. Ef hinn látni var ógiftur og lætur ekki eftir sig barn undir 18 ára aldri og hefur ekki séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri:

vegna slyss utan starfs	831.245 kr.
vegna slyss í starfi	831.245 kr.

Rétthafar þessara dánarbóta eru lögerfingjar.

2. Ef hinn látni var ógiftur en lætur eftir sig barn (börn) undir 18 ára aldri og/eða hefur sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri:

vegna slyss utan starfs	2.546.294 kr.
vegna slyss í starfi	6.086.715 kr.

Rétthafar þessara dánarbóta eru foreldrar og börn. Taki báðir þessir aðilar bætur, rennur 1/3 hluti bóta til foreldra en 2/3 hlutar bóta skiptast milli barna að jöfnu.

3. Ef hinn látni var í hjúskap eða í sambúð sem að öðru leyti má jafna til hjúskapar og sem staðið hefur a.m.k. í 2 ár samfelld fyrir andlát hans, skulu bætur til maka eða sambúðaraðila vera:

vegna slyss utan starfs	3.483.290 kr.
vegna slyss í starfi	9.933.212 kr.

Rétthafi dánarbóta þessara er viðkomandi maki eða sambúðaraðili

4. Ef hinn látni lætur eftir sig barn undir 18 ára aldri, til hvers barns:

vegna slyss utan starfs	831.245 kr.
vegna slyss í starfi	1.986.414 kr.

Stundi barn hins látna á aldrinum 18-25 ára nám á framhaldsskóla- eða háskólastigi í a.m.k. sex mánuði ársins er hinn tryggðandi andast, á það sama rétt til bóta.

Rétthafar dánarbóta þessara eru viðkomandi börn. Bætur greiðast til fjárhaldsmanns ófjárráða barns.

5. Með börnum í 2. og 4. tölulið er átt við kynbörn, kjörbörn, stjúpborn, börn sambúðaraðila og fósturbörn, sem hinn látni var framfærsluskyldur við sbr. 53. gr. barnalaga nr. 76/2003.
6. Bætur greiðast aðeins skv. einum af töluliðum 1, 2 eða 3. Til viðbótar við bætur skv. 2. og 3. tölulið geta komið bætur skv. 4. tölulið.

8.2 Tryggingarfjárhæðir vegna varanlegrar örorku eru:

vegna slyss utan starfs	6.695.850 kr.
vegna slyss í starfi	17.665.648 kr.

Bætur greiðast í hlutfalli við tryggingarfjárhæðirnar, þó þannig að hvert örorkustig frá 26-50% vegur tvöfalt og hvert örorkustig frá 51-100% vegur þrefalt.

8.3 Endurskoðun tryggingarfjárhæðar

- 8.3.1 Framangreindar tryggingarfjárhæðir miðast við vísitölu neysluverðs í apríl 2011, 374,1 stig.

10. grein
Tæknifrjóvgun

Við 11. kafla bætist ný grein um tæknifrjóvgun 11.10:

Tæknifrjóvgun

Þeir starfsmenn sem þurfa að vera fjarverandi vegna tæknifrjóvgunar halda rétti til greiðslu dagvinnulauna og eftir atvikum vaktaálags skv. reglubundinni vaktskrá (eins og vegna veikinda barns) í allt að 15 vinnudaga vegna aðgerðinnar. Starfsmaður skal skila vottorði frá viðkomandi lækni um aðgerðina.

11. grein
Nýr skýringartexti um Virk- Starfsendurhæfingarsjóð

Í lok 11. kafla bætist nýr skýringartexti um Virk- Starfsendurhæfingarsjóð

VIRK- Starfsendurhæfingarsjóður

Reykjavíkurborg greiðir sérstakt gjald í VIRK-Starfsendurhæfingarsjóð. Hlutverk VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna langvarandi veikinda eða slysa. Áhersla er lögð á að koma snemma að málum og viðhalda vinnusambandi einstaklinga með virkni og öðrum úrræðum. Einstaklingar sem ekki geta sinnt starfi sínu sökum heilsubreysts og stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði eiga rétt á þjónustu ráðgjafa VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs. Um er að ræða ráðgjöf og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem er starfsmönnum að kostnaðarlausu og er miðuð við metnar þarfir hvers og eins.

12. grein
Starfsendurhæfingarsjóður

Ný grein bætist við 14. kafla kjarasamning og verður eftirfarandi:

14.3 Starfsendurhæfingarsjóður

Iðgjald launagreiðanda í Starfsendurhæfingarsjóð skal nema 0,13% af heildarlaunum félagsmanna.

Aðrar greinar kaflans færast aftur.

13. grein Starfsmat

Ný grein bætist við kafla 16, grein 16.2.3:

Telji starfsmaður og sviðstjóri að málsmeðferð starfsmatsnefndar hafi ekki verið í samræmi við reglur nefndarinnar eða gögnin sem nefndin hafði til grundvallar hafi verið röng geta þeir lagt fram rökstudda beiðni um að samstarfsnefnd taki málið til umfjöllunar.

14. grein Samningsforsendur

Í kafla 17 kemur ný grein um samningsforsendur, grein 17.1:

Samningsaðilar eru sammála um að verði kjarasamningar á almennum vinnumarkaði lausir eða komi til efnislegra breytinga á þeim á gildistíma þessa samnings, verði sameiginleg forsendunefnd kölluð saman. Forsendunefnd skal skipuð fulltrúum ASÍ, BSRB, BHM og KÍ, einum frá hverju bandalagi og fjórum fulltrúum Reykjavíkurborgar. Nefndin hefur það hlutverk að meta breytingar á forsendum og reyna til hins ýtrasta að ná samkomulagi um viðbrögð við þeim. Aðilar samnings þessa munu fara sameiginlega yfir niðurstöður forsendunefndar.

Ef útséð er um að nefndin nái samkomulagi um viðbrögð, getur hvor aðili um sig sagt samningnum lausum. Aðilar þessa samnings munu fara saman yfir niðurstöðu forsendunefndar.

15. grein Gildistími

Samningur þessu gildir frá 1. maí 2011 til og með 31. mars 2014 og rennur þá út án frekari fyrirvara.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp á lögformlegan hátt fyrir 14. júní 2011. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 15:00 þann 15. júní skoðast samningurinn samþykktur. Atkvæðisbærir félagsmenn stéttarfélagsins um samning þennan eru einungis þeir sem starfa hjá Reykjavíkurborg.

Reykjavík 31. maí 2011

F.h. Reykjavíkurborgar,
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

F.h. Stéttarfélags verkfræðinga
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Bókanir

Bókun 1 Starfsmat

Samningsaðilar munu vinna að þróun og aðlögun starfsmatskerfisins. Í því skyni fela aðilar starfsmatsnefnd að leita leiða til að fá óháðan sérfræðing til að vinna með nefndinni að mati á kerfinu. Samningsaðilar sækja um styrki til að fjármagna verkefnið.

Samningsaðilar eru sammála um nauðsyn þess að styrkja áfram faglegt sjálfstæði starfsmatsins gagnvart stéttarfélögum og stjórnsýslu borgarinnar og mikilvægi þess að standa vörð um sjálfstæði og fagleg vinnubrögð starfsmatsfulltrúa.

Samningsaðilar munu áfram beita sér fyrir aukinni kynningu á starfsmatinu meðal þeirra stéttarfélaga, trúnaðarmanna og almennra félagsmanna sem samið hafa um starfsmat og meðal stjórnenda hjá Reykjavíkurborg, með því að starfsmenn starfsmats haldi kynningar fyrir viðkomandi hópa. Með því móti verði stuðlað að upplýstri umræðu aðila um starfsmatið með það að leiðarljósi að gera kerfið betra og skilvirkara.

Reglubundinni yfirferð starfa sem hafa mat eldra en 5 ára verður fram haldið skv. reglum sem lagðar voru fram í samstarfsnefnd.

Bókun 2 Hæfnismat

Samningsaðilar eru sammála um að Mannauðsskrifstofa vinni greinargerð fyrir starfsmatsnefnd um hæfnismat og kynhlutlaus hæfnismatskerfi. Að því loknu skal samstarfsnefnd skipa fulltrúa í starfshóp sem leggi mat á hvaða kynhlutlausa hæfnismatskerfi henti starfsemi Reykjavíkurborgar best. Vinnu þessari skal lokið fyrir 1. desember 2012.

Bókun 3 Útgáfa kjarasamnings

Samningsaðilar eru sammála um að vinna sameiginlega að útgáfu heildartexta nýs kjarasamnings. Þeirri vinnu skal lokið fyrir 1. október 2011.

Fylgiskjal I

Stéttarfélag verkfræðinga

Í gildi frá 1. júní 2011

prep	1	2	3	4	5
Lfl.	<20 ára	20 ára	25 ára	30 ára	35 ára
110	164.282	167.641	171.102	174.665	178.336
111	165.962	169.371	172.884	176.501	180.227
112	167.667	171.128	174.692	178.364	182.146
113	169.397	172.910	176.528	180.255	184.093
114	171.154	174.719	178.391	182.174	186.070
115	172.936	176.555	180.283	184.122	188.078
116	174.746	178.419	182.203	186.099	190.114
117	176.582	180.311	184.151	188.107	192.182
118	178.447	182.231	186.130	190.144	194.279
119	180.339	184.180	188.137	192.212	196.409
120	182.259	186.159	190.174	194.310	197.391
121	184.208	188.166	192.242	196.441	199.564
122	186.188	190.204	194.342	197.423	201.791
123	188.196	192.273	196.472	199.598	202.800
124	190.235	194.372	197.454	201.824	204.146
125	192.303	196.503	199.630	202.833	206.476
126	194.403	197.486	201.858	204.181	207.508
127	196.535	199.662	202.868	206.509	208.737
128	197.518	201.890	204.214	207.541	210.173
129	199.694	202.900	206.543	208.773	211.225
130	201.924	204.249	207.575	210.209	212.403
131	202.934	206.078	208.808	211.261	214.449
132	204.282	207.110	210.244	212.440	215.523
133	206.112	208.844	211.296	214.487	217.157
134	207.144	210.281	212.477	215.561	218.519
135	208.880	211.334	214.525	217.196	221.222
136	210.316	212.515	215.599	218.559	222.515
137	211.369	214.563	217.235	221.262	225.300
138	212.551	215.637	218.599	222.556	227.125
139	214.600	217.273	221.302	225.341	229.694

140	215.674	218.638	222.597	227.167	231.605
141	217.312	221.342	225.382	229.736	233.261
142	218.678	222.637	227.209	231.648	236.260
143	220.632	225.424	229.779	233.304	238.304
144	222.678	227.251	231.691	236.304	241.394
145	225.464	229.821	233.348	238.350	244.531
146	227.292	231.734	236.348	241.440	247.714
147	229.863	233.391	238.395	244.577	250.946
148	231.777	236.392	241.485	247.761	254.225
149	233.435	238.439	244.623	250.993	257.554
150	236.438	241.532	247.809	254.273	260.932
151	238.484	244.670	251.040	257.603	264.362
152	241.577	247.855	254.322	260.983	267.843
153	244.716	251.089	257.652	264.413	271.376
154	247.902	254.370	261.033	267.894	275.059
155	251.136	257.702	264.463	271.429	278.867
156	254.418	261.082	267.946	275.115	282.730
157	257.750	264.514	271.480	278.923	286.653
158	261.133	267.998	275.169	282.787	290.634
159	264.565	271.533	278.979	286.711	294.676
160	268.049	275.225	282.845	290.694	298.776
161	271.585	279.035	286.769	294.736	302.939
162	275.280	282.902	290.752	298.838	307.166
163	279.092	286.827	294.795	303.002	311.454
164	282.959	290.811	298.899	307.228	315.808
165	286.885	294.855	303.063	311.519	320.227
166	290.870	298.959	307.290	315.872	324.711
167	294.914	303.125	311.581	320.293	329.264
168	299.020	307.354	315.936	324.778	333.884
169	303.186	311.644	320.357	329.331	338.573
170	307.415	316.001	324.844	333.952	343.334
171	311.708	320.422	329.398	338.644	348.165
172	316.066	324.911	334.020	343.405	353.069
173	320.488	329.466	338.713	348.237	358.047
174	324.977	334.089	343.475	353.141	363.099
175	329.533	338.782	348.308	358.120	368.228
176	334.157	343.545	353.214	363.174	373.432
177	338.851	348.380	358.194	368.303	378.715
178	343.615	353.287	363.249	373.509	384.077
179	348.451	358.268	368.379	378.793	389.520
180	353.360	363.323	373.585	384.157	395.045
181	358.341	368.455	378.872	389.600	400.651
182	363.398	373.664	384.236	395.125	406.343
183	368.530	378.949	389.681	400.734	412.120
184	373.740	384.316	395.208	406.426	417.983

185	379.028	389.762	400.818	412.205	423.933
186	384.395	395.289	406.511	418.069	429.974
187	389.842	400.899	412.289	424.021	436.106
188	395.371	406.595	418.156	430.063	442.328
189	400.983	412.375	424.110	436.196	448.644
190	406.680	418.243	430.153	442.420	455.056
191	412.461	424.198	436.287	448.738	461.563
192	418.330	430.243	442.512	455.150	468.169
193	424.286	436.377	448.831	461.659	474.872
194	430.332	442.604	455.245	468.266	481.677
195	436.468	448.924	461.756	474.972	488.583
196	442.696	455.341	468.363	481.777	495.594
197	449.019	461.852	475.071	488.686	502.710
198	455.436	468.462	481.878	495.697	509.930
199	461.948	475.170	488.788	502.814	517.262
200	468.559	481.979	495.802	510.038	524.702

Stéttarfélag verkfræðinga

Í gildi frá 1. mars 2012

þrep	1	2	3	4	5
Lfl.	<20 ára	<20 ára	<25 ára	<30 ára	<35 ára
110	175.282	178.641	182.102	185.665	189.336
111	176.962	180.371	183.884	187.501	191.227
112	178.667	182.128	185.692	189.364	193.146
113	180.397	183.910	187.528	191.255	195.093
114	182.154	185.719	189.391	193.174	197.070
115	183.936	187.555	191.283	195.122	199.078
116	185.746	189.419	193.203	197.099	201.114
117	187.582	191.311	195.151	199.107	203.182
118	189.447	193.231	197.130	201.144	205.279
119	191.339	195.180	199.137	203.212	207.409
120	193.259	197.159	201.174	205.310	208.446
121	195.208	199.166	203.242	207.441	210.564
122	197.188	201.204	205.342	208.478	212.791
123	199.196	203.273	207.472	210.598	213.855
124	201.235	205.372	208.510	212.824	215.146
125	203.303	207.503	210.630	213.888	217.476
126	205.403	208.541	212.858	215.181	218.564
127	207.535	210.662	213.923	217.509	219.737
128	208.573	212.890	215.214	218.597	221.173
129	210.694	213.955	217.543	219.773	222.279

130	212.924	215.249	218.631	221.209	223.403
131	213.989	217.078	219.808	222.315	225.449
132	215.282	218.164	221.244	223.440	226.577
133	217.112	219.844	222.350	225.487	228.157
134	218.198	221.281	223.477	226.615	229.519
135	219.880	222.388	225.525	228.196	232.222
136	221.316	223.515	226.653	229.559	233.515
137	222.423	225.563	228.235	232.262	236.300
138	223.551	226.691	229.599	233.556	238.125
139	225.600	228.273	232.302	236.341	240.694
140	226.728	229.638	233.597	238.167	242.605
141	228.312	232.342	236.382	240.736	244.261
142	229.678	233.637	238.209	242.648	247.260
143	231.632	236.424	240.779	244.304	249.304
144	233.678	238.251	242.691	247.304	252.394
145	236.464	240.821	244.348	249.350	255.531
146	238.292	242.734	247.348	252.440	258.714
147	240.863	244.391	249.395	255.577	261.946
148	242.777	247.392	252.485	258.761	265.225
149	244.435	249.439	255.623	261.993	268.554
150	247.438	252.532	258.809	265.273	271.932
151	249.484	255.670	262.040	268.603	275.362
152	252.577	258.855	265.322	271.983	278.843
153	255.716	262.089	268.652	275.413	282.376
154	258.902	265.370	272.033	278.894	286.059
155	262.136	268.702	275.463	282.429	289.867
156	265.418	272.082	278.946	286.115	293.730
157	268.750	275.514	282.480	289.923	297.653
158	272.133	278.998	286.169	293.787	301.634
159	275.565	282.533	289.979	297.711	305.676
160	279.049	286.225	293.845	301.694	309.776
161	282.585	290.035	297.769	305.736	313.939
162	286.280	293.902	301.752	309.838	318.166
163	290.092	297.827	305.795	314.002	322.454
164	293.959	301.811	309.899	318.228	326.862
165	297.885	305.855	314.063	322.519	331.435
166	301.870	309.959	318.290	326.928	336.076
167	305.914	314.125	322.581	331.503	340.788
168	310.020	318.354	326.994	336.145	345.570
169	314.186	322.644	331.570	340.858	350.424
170	318.415	327.061	336.213	345.641	355.350
171	322.708	331.637	340.927	350.496	360.351
172	327.128	336.282	345.711	355.424	365.426
173	331.705	340.997	350.568	360.426	370.578
174	336.351	345.782	355.497	365.501	375.807

175	341.067	350.639	360.498	370.654	381.116
176	345.853	355.569	365.577	375.885	386.503
177	350.710	360.573	370.731	381.193	391.970
178	355.642	365.652	375.962	386.582	397.519
179	360.647	370.807	381.273	392.051	403.153
180	365.727	376.039	386.661	397.603	408.871
181	370.883	381.350	392.132	403.236	414.674
182	376.117	386.742	397.684	408.955	420.565
183	381.428	392.212	403.320	414.760	426.544
184	386.821	397.767	409.040	420.651	432.612
185	392.293	403.403	414.846	426.632	438.771
186	397.848	409.124	420.739	432.702	445.023
187	403.487	414.931	426.719	438.862	451.369
188	409.209	420.826	432.792	445.115	457.810
189	415.017	426.808	438.954	451.462	464.347
190	420.913	432.882	445.208	457.905	470.983
191	426.897	439.045	451.557	464.444	477.718
192	432.971	445.301	458.000	471.080	484.555
193	439.136	451.650	464.540	477.818	491.493
194	445.393	458.096	471.179	484.655	498.535
195	451.744	464.637	477.917	491.596	505.684
196	458.191	471.277	484.756	498.639	512.940
197	464.734	478.017	491.699	505.790	520.305
198	471.376	484.858	498.743	513.047	527.778
199	478.116	491.800	505.896	520.413	535.366
200	484.958	498.848	513.155	527.889	543.066

Stéttarfélag verkfræðinga

Í gildi frá 1. mars 2013

þrep	1	2	3	4	5
Lfl.	<20 ára	<20 ára	<25 ára	<30 ára	<35 ára
110	186.282	189.641	193.102	196.665	200.336
111	187.962	191.371	194.884	198.501	202.227
112	189.667	193.128	196.692	200.364	204.146
113	191.397	194.910	198.528	202.255	206.093
114	193.154	196.719	200.391	204.174	208.070
115	194.936	198.555	202.283	206.122	210.078
116	196.746	200.419	204.203	208.099	212.114
117	198.582	202.311	206.151	210.107	214.182
118	200.447	204.231	208.130	212.144	216.279
119	202.339	206.180	210.137	214.212	218.409
120	204.259	208.159	212.174	216.310	219.501

121	206.208	210.166	214.242	218.441	221.564
122	208.188	212.204	216.342	219.533	223.791
123	210.196	214.273	218.472	221.598	224.910
124	212.235	216.372	219.565	223.824	226.146
125	214.303	218.503	221.630	224.943	228.476
126	216.403	219.596	223.858	226.181	229.619
127	218.535	221.662	224.978	228.509	230.737
128	219.628	223.890	226.214	229.652	232.173
129	221.694	225.010	228.543	230.773	233.334
130	223.924	226.249	229.686	232.209	234.446
131	225.044	228.078	230.808	233.370	236.449
132	226.282	229.219	232.244	234.482	237.632
133	228.112	230.844	233.405	236.487	239.157
134	229.253	232.281	234.517	237.670	240.519
135	230.880	233.443	236.525	239.196	243.222
136	232.316	234.555	237.708	240.559	244.515
137	233.478	236.563	239.235	243.262	247.300
138	234.590	237.746	240.599	244.556	249.125
139	236.600	239.273	243.302	247.341	251.694
140	237.783	240.638	244.597	249.167	253.605
141	239.312	243.342	247.382	251.736	255.261
142	240.678	244.637	249.209	253.648	258.260
143	242.632	247.424	251.779	255.304	260.304
144	244.678	249.251	253.691	258.304	263.394
145	247.464	251.821	255.348	260.350	266.531
146	249.292	253.734	258.348	263.440	269.714
147	251.863	255.391	260.395	266.577	272.946
148	253.777	258.392	263.485	269.761	276.225
149	255.435	260.439	266.623	272.993	279.554
150	258.438	263.532	269.809	276.273	282.932
151	260.484	266.670	273.040	279.603	286.362
152	263.577	269.855	276.322	282.983	289.843
153	266.716	273.089	279.652	286.413	293.376
154	269.902	276.370	283.033	289.894	297.059
155	273.136	279.702	286.463	293.429	300.867
156	276.418	283.082	289.946	297.115	304.730
157	279.750	286.514	293.480	300.923	308.653
158	283.133	289.998	297.169	304.787	312.634
159	286.565	293.533	300.979	308.711	316.676
160	290.049	297.225	304.845	312.694	320.776
161	293.585	301.035	308.769	316.736	324.939
162	297.280	304.902	312.752	320.838	329.302
163	301.092	308.827	316.795	325.002	333.740
164	304.959	312.811	320.899	329.366	338.302
165	308.885	316.855	325.063	333.807	343.035

166	312.870	320.959	329.430	338.370	347.838
167	316.914	325.125	333.872	343.105	352.716
168	321.020	329.496	338.438	347.910	357.665
169	325.186	333.937	343.175	352.788	362.688
170	329.560	338.508	347.981	357.738	367.788
171	334.003	343.244	352.859	362.763	372.963
172	338.577	348.052	357.811	367.864	378.216
173	343.315	352.932	362.837	373.041	383.549
174	348.123	357.885	367.939	378.294	388.961
175	353.004	362.911	373.116	383.627	394.455
176	357.958	368.014	378.372	389.041	400.030
177	362.985	373.193	383.707	394.535	405.689
178	368.089	378.449	389.121	400.112	411.432
179	373.269	383.785	394.617	405.773	417.263
180	378.528	389.201	400.194	411.519	423.182
181	383.864	394.698	405.857	417.350	429.188
182	389.281	400.278	411.603	423.268	435.285
183	394.778	405.940	417.436	429.276	441.473
184	400.360	411.689	423.357	435.374	447.753
185	406.024	417.522	429.366	441.564	454.128
186	411.773	423.443	435.465	447.846	460.599
187	417.609	429.453	441.655	454.222	467.167
188	423.532	435.555	447.939	460.694	473.833
189	429.543	441.746	454.317	467.264	480.599
190	435.645	448.032	460.790	473.932	487.467
191	441.838	454.411	467.361	480.700	494.438
192	448.125	460.887	474.030	487.568	501.514
193	454.506	467.457	480.799	494.541	508.695
194	460.982	474.129	487.670	501.618	515.984
195	467.555	480.899	494.644	508.802	523.383
196	474.228	487.772	501.722	516.092	530.892
197	481.000	494.747	508.908	523.493	538.515
198	487.874	501.828	516.199	531.003	546.250
199	494.850	509.014	523.602	538.627	554.104
200	501.932	516.308	531.115	546.365	562.074